

Sprengdu neðanjarðargöng Hamas

● Vika liðin frá upphafi átakanna fyrir botni Miðjarðarhafs ● Rúmlega 200 sagðir hafa fallið á Gaza-svæðinu frá því á mánudaginn ● Bandaríkjamenn koma aftur í veg fyrir ályktun öryggisráðsins

Stefán Gunnar Sveinsson
sgs@mbl.is

Ísraeli flugherinn hélt áfram loftásum sínum á Gaza-svæðið í gaer, en þá var liðin vika frá upphafi átaka Ísraelmann og Hamas-samtakanna, sem fara með stjórn á svæðinu. Heilbrigðisráðuneyti samtakanna sagði að rúmlega 200 manna hefðu fallið og um 1.300 værst af völdum loftárasanna frá því að þær hófust. Tíu Ísraelar hafa nú fallið af völdum eldflaugarássára frá Gaza og rúmlega 300 særst.

Stjórvöld i Ísrael hafa heitið því að adgerðum þeirra muní ekki líma fyrir en Hamas og önnur samtök vígamanna á Gaza-svæðinu hefta eldflaugarássum sínum á Ísrael, en parland stjórvöld segja að rúmlega 3.200 eldflaugum hafi verið skotíð að landi á þeiri viku sem liðin er frá upphafi átakanna.

Beindust loftárasir Ísraelmann að ýmsum skotmörkum í gaer, en talsmánum hersins sagði að meðal annars hefði verið ráðist að heimilum nýu háttsettra foringja í Hamis-samtökum. Þær árásir koma í kjölfar loftárasar á heimili Yahya Sinwar, leiðtoga stjórmálarmáraars samtakanna. Engar fréttir bárust hins vegar af mannfalli par.



AFP

Átok Ísraelskir hermenn skjóta hér úr 155 mm howitzer-fallbyssu að Gaza-svæðinu frá landamærum Ísrael.

Hins vegar staðfestu Ísraelar að þeim hefði tekist að fella herföringja í samtökunum Heilagt strið, sem einnig hefur haft bakstöðvar á Gaza-svæðinu.

Orrustuþotur Ísraela réðust einnig að kerfi neðanjarðarganga á vegum Hamas-samtakanna, en þau figgja að hluta til í gegnum svæði þar sem þeim er fátt.

Áætlað er að loftárasir Ísraelmann hafi neytt um 38.000 manns á flóttu og eyðilagt heimili um 2.500, samkvæmt mati Sameinuðu þjóðanna. Þá gerðu Ísraelmann

einnig atlógu að mikilvægum innviðum á svæðinu, þar að meðal raforkukerfi þess, en sagt var að það gati einungis sinnit um einum fjórða af orkuþörf íbúa Gaza.

Kallað eftir vopnahlefi

Helstu stórveldi heims hafa kallað eftir vopnahlefi og að þáði aðilar láti af árásunum sínum. Emmanuel Macron Frakklandsforseti og Abdel Fattah al-Sisi, forseti Egypta-lands, ræddu astandið í Parísarborg í gaer og lýstu yfir áhryggjum sínum af mannfalli meðal óþreyttir borgara. Þá samþykktu þeir að vinna saman að því að komið yrði að vopnahlefi án tafar.

Hady Amr, fulltrúi Bandaríkjastjórnar í malefum Ísraels og Palestínu, ræddi í gaer við Mahmoud Abbas, forseta Palestínumannu, í Ramallah á Vesturbakkanum. Hvatti Abbas Bandaríkjamein, sem hafa verið helstu bandamenn Ísraela í gegnum tíðina, til þess að koma í veg fyrir frekari loftárasir þeirra.

Bandaríkjastjórn komin hiss vegar í veg fyrir að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti sameiginlega ályktun um átökun í þróða sinn í gaer, en Bandaríkjamein segja að slík ályktun gæti hindrað Amr og tilraunir hans til að stilla til friðar.

Bóluefnin virki gegn afbrigðinu

● Bretar mega aftur ferðast erlendis

Bresk stjórvöld eru samsfærð um að þau bóluefnir gegn kórnúveirnum sem þegar eru í notkun myndu ná að veita vörn gegn indverska afbrigðini svonefndu, en tilfellum þess hefur fjlgað nokkuð í Bretlandi að undanfóru. Matt Hancock, heilbrigðisráðherra Bretlands, greindri frí þessi að sunnudaginn, en mat Bretna byggist meðal annars á bráða-birdgáðiðurstöðum vínsindamanna við Oxford-háskóla.

England, Skotland og Wales létu í gaer á sumum af helstu söttvárra-adgerðum sínum, og máttu flúar þeirra miða. fara á öldurhús og kráir, ferðast til útlanda á svennfundum „granum lista“ og sækja leikhús og kvíkmenningaráningar.

Rúmlega 1.300 tilfellu indverska afbrigðisins hafa nú greinst á Bretlandi, og eru þau flest í borgum Bolton og Blackburn á Norður-Englandi. Sagði Hancock að af-



Aflöttingar Bretar gátu aftur sótt hverfisþóbbinn í gaer eftir langa bið.

brigðið gæti farið sem „eldur í sinu“ meðal þeirra sem ekki hefðu fengið bolusettingu, og því væri brynt að hraða henni meðal Bretna yfir fimm-tugu sem og fólkis í Þætuþópum. Þá varði Hancock ákvörðun stjórnvalda um að loka ekki fyrir að ferðalög milli Bretlands og Indlands.

Varar Vesturveldin við ásælni á norðurslóðum

Sergei Lavrov, utanríksráðherra Rússlands, réð í gaer Vesturveldum frá því að gera kröfur eða tilkall til norðurslóðs. „Pað hefur verið öllum ljóst um langa hríð að þetta er okkar sveði, þetta er okkar land,“ sagði Lavrov á blaðamannafundi sínum í Moskvu, en hann heldur sem kunnugt er til Íslands í vikunni til þess að sitja fund Norðurskautsráðsins.

Ummæli Lavrovs eru þáttur í togstreitu risaveldanna um ítkum og völd að norðurslóðum, en Antony Blinken, utanríksráðherra Bandaríkjanna, sagði í ræðu sínum í síðasta mánuði að Rússar væru að reyna að nýta þær breytingar sem hlýnum jardar hefði valdið að norðurslóðum



til þess að reyna að ná sem mestum ítkum þar. Blinken og Lavrov munu funda í fyrsta sinn hér í Reykjavík.

Lavrov setti hins vegar spurningarmerki við framferði Bandaríkjanna og Atlantshandalagssins, og hét því að hreinskiptar umræður myndu fara fram á fundinum í Reykjavík. Þá lagði Lavrov til að æðstu yfirmennum heraffla ríkjanna sem skipa ráðið tekkju upp regluglegt samráð.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatt, útvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 17. maí 2021, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2021 og önnur gjöldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 17. maí 2021, á staðgreiðsla tekjuskatt, útvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatt, virðisaukaskatt í tolli, vanskilum launagræðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatt á skilaskylða aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olluugjaldi, kilómetragjaldi, gisti-náttaskatt, fjársýsluskatt, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipajöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbótt á eftirlaun, ofgreiddri stuðnings um ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfesti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útvarn ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útvars, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskatt ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjaldi, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálaþyrirkæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin að því að auk óþæginda hefur fjárnáms í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnáms. Þinglísingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistenáttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðnuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjald og kilómetragjald mega eiga von að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 18. maí 2021

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum